

## Aðalfundur ÍTF 14.febrúar 2024 kl 16:30 í Deloitte

### 1. Aðalfundur settur

Formaður ÍTF, Orri Hlöðversson, opnaði fundinn og bauð gesti velkomna. Orri lagði til að Stefán Geir Þórisson væri fundarstjóri og Þórir Hákonarson væri fundarritari og var það samþykkt samhljóða. Að því loknu tók Stefán Geir við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

### 2. Kosning kjörbréfanefnda og staðfesting á lögmæti fundarins

Fundarstjóri upplýsti að 36 kjörbréf af 44 hefðu borist framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir og að til fundarins hefði verið boðað með lögmætum hætti. Fundarstjóri lagði til að Flosi Eiríksson og Guðjón Bjarni Hálfðánarson yrðu kjörnir í kjörbréfanefnd og var það samþykkt samhljóða. Kjörbréfanefnd (sem jafnframt er kjörnefnd) tók til starfa.

### 3. Skýrsla stjórnar ÍTF

Fundarstjóri gaf þessu næst formanni ÍTF, Orra, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar ÍTF.

„Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Ég býð ykkur öll velkomin til aðalfundar Íslensks Toppfótbolta árið 2024 þar sem við gerum upp liðið rekstrarár.

Stjórn ÍTF hélt alls 10 formlega stjórnarfundi á liðnu rekstrarári. Auk þess situr formaður, eða eftir atvikum hans varamaður, fundi stjórnar KSÍ.

Rekstur ÍTF gekk sinn vanagang árið 2023. Starfsemin gengur að miklum hluta í dag út á að fylgja eftir samningum sem tóku gildi árið 2021 um birtingar- og veðmálarétti leikja efstu deilda karla og kvenna hér á landi ásamt sýningarrétti erlendis. Undan þeim samningum hafa síðan orðið til ýmsar afurðir og verkefni eins og kynnt hefur verið.

Helstu verkefni á liðnu starfsári fyrir utan hefðbundin og dagleg störf verkefni:

- Fjarfundar Workshop um markaðsmál fyrir aðildarfélög, fyrirlesarar frá Bodo/Glimt og fleiri aðilum tengt markaðsmálum félaga
- Fræðsluferð með félögum til Danmerkur að beiðni félaga í deildinni. Góð mæting og mikil ánægja með ferðina.
- Vorum tilnefnd til markaðsverðlauna Lúðursins fyrir vörumerkið Besta deildin
- Verðlaun hjá FÍT (Félagi íslenskra teiknara) fyrir Skjöldinn
- Kynningarfundir deildanna haldnir og þeir orðnir stærri með meiri dagskrá.

- Bætt umgjörð í kringum útsendingar í Bestu deild af okkar frumkvæði (nýr útsendingarbíll „Bestu deildarbíllinn“)
- Markaðskönnun og viðhorfskönnun á íslenskum fótbolta hafin með Gallup (kortleggja áhuga á íslenskum fótbolta). Þriggja ára samstarf. Fyrstu niðurstöður komnar fram. Mikilvægt að eiga slík gögn, ekki síst í markaðslegum tilgangi.
- Alvöru umgjörð í kringum úrslitaleik Lengjudeildarinnar sem sló í gegn.
- Áhersla á auknar auglýsingatekjur hjá félögum í úrslitakeppni Lengjudeildar – skilaði góðum tekjum til aðildarfélaga
- Vinnufundir með aðildarfélögum til að undirbúa ársþing KSÍ. Tillögur ÍTF unnar með félögunum eftir vinnufundi okkar.
- Stefnumótun ÍTF hófst á þessu ári og er á lokametrunum – unnin með aðildarfélögum, markmiðasetning fyrir íslenskan fótbolta, karla og kvenna.
- Starfshópur um framgang kvennakeppnanna hjá European Leagues með þátttöku framkvæmdastjóra
- Starfshópur um stofnun nýrrar kvenna Evrópukeppni UEFA (Nordic Leagues) í samstarfi við norrænu deildirnar. Starf hópsins átti þátt í því að UEFA ákvað að hafa aðra kvennakeppni til hliðar við Meistaradeild Evrópu.
- Mánaðarlegu fréttabréfi dreift á félögin með fréttum úr starfinu. Orðinn góður farvegur fyrir upplýsingar frá okkur. Einnig sent á fjölmiðla til að vekja athygli á starfi aðildarfélaga
- Endurnýjuðum boltasamning við Altis sem tryggir félögum ódýrari bolta fyrir yngri flokka.
- Félögin heimsótt og fundað með stjórnnum og stuðningsmönnum um hlutverk og starf ÍTF.

Að þessari upptalningu lokinni langar að koma hér inná samskipti ÍTF og KSÍ. Ég er ekki að ljóstra upp um nein sérstök leyndarmál þegar ég segi að þau hafi verið fremur stíð undanfarin ár. Það er í raun erfitt að festa hendur á því hver ástæðan er, eflaust eru þær margar.

Í grunninn snýst þetta samt um hagsmuni og við erum augljóslega hagsmunasamtök félaga sem að hluta til mynda KSÍ. Stundum beitum við okkur hart í þeirri baráttu, það má vel færa rök fyrir því, en það er gert með hagsmuni okkar félaga að leiðarljósi.

Vil samt taka það fram sem gleymist oft í umræðunni að dags-daglega eigum við alla jafna í góðum samskiptum við KSÍ t.d. í mótamálum og fleira auk þess sem okkar fulltrúar taka virkan þátt í vinnuhópum og nefndum á vegum sambandsins. Það er algjört lykiltríði að samstarfið sé gott því það er morgunljóst að samtökin þurfa hvort um sig á þéttu samstarfi að halda til að halda úti knattspyrnuíðkun á efsta stig héraðs.

Engu að síður er það þannig að erfiðlega hefur gengið að formgera samstarfið – t.d. hefur nú um langt skeið ekki verið í gildi samstarfssamningur á milli aðila. Okkur hefur ekki þótt samningsvilji KSÍ vera sterkur þar. Eflaust er sambandið á annarri skoðun en þetta er verkefni sem verður að klára.

En hvar svosem róttin liggur þá er ljóst að samskiptin þarf að laga. Þar liggur ábyrgðin að mínu mati báðum megin, bæði hjá okkur og sambandinu.

Það vakti athygli mína nýlega þegar fráfarandi stjórnarmaður KSÍ lýsti þeirri skoðun sinni að seta ÍTF við stjórnarborð KSÍ væri ekki æskileg að hans mati. Því er ég algjörlega ósammála – það er mjög mikilvægt að jafn stór rödd og ÍTF er hafi þennan aðgang og að talsambandið sé virkt – ekki síst þegar blæs aðeins á móti eins og núna.

Eitt meginhlutverk ÍTF er að stuðla að auknum framförum í þeim deildum sem samtökin starfa fyrir og auka um leið virði þeirrar vöru sem til verður. Þótt alltaf megi betur gera þá tel ég að okkur sem samtökum hafi tekist bærilega upp á undanförnum misserum. En við erum rétt að byrja – því með auknum þroska samtakanna og reynslu eru möguleikarnir nánast óþrjótandi í kringum fótboltann.

Ég vil að lokum þakka aðildarfélögum, stjórn og starfsmönnum fyrir gott samstarf á liðnu ári og fundarmönnum fyrir gott hljóð.“

#### 4. Niðurstöður kjörbréfanefndar

Flosi Eiríksson tók þessu næst til máls og kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. 36 kjörbréf voru send framkvæmdastjóra en 33 kjörbréf voru staðfest á fundinum og voru því 33 fulltrúar af þeim 44 fulltrúum sem eiga seturétt á fundinum mættir. Það gerir 75% mætingu fulltrúa á aðalfundinn og er því fundurinn ákvörðunarbær í samræmi við 16.grein samþykka ÍTF.

Kjörbréfanefnd staðfesti eftirtalda fulltrúa á fundinum í stafrófsröð liða:

Félag	Fulltrúar	Fjöldi
Afturelding	0	0
Breiðablik	Karl Magnússon og Flosi Eiríksson	2
Dalvík/Reynir	0	0
FH	Valdimar Svavarsson og Jón Erling Ragnarsson	2
FHL	Rósey Björgvinsson	1
Fjölur	Guðmundur Gunnarsson	1
Fram	Daði Guðmundsson og Hrafn Garðarsson	2
Fylkir	Ragnar Páll Bjarnason og Stefanía Guðjónsdóttir	2
Grindavík	Petra Rós Ólafsdóttir og Haukur G Einarsson	2
Gróttá	0	0
HK	Sandra Sigurðardóttir og Hjörtur Þór Steindórsson	2
ÍA	Eggert Herbertsson og Eyjólfur V Gunnarsson	2
ÍBV	0	0
ÍR	Axel Kári Vignisson og Ari Viðarsson	2
KA	Sævar Pétursson	1
Keflavík	Björgvin Ívar Baldursson og Ragnar A Ragnarsson	2
KR	Páll Kristjánsson	1
Leiknir R	Oscar Clausen	1
Selfoss	Guðjón Bjarni Hálfðánarson	1
Stjarnan	Sæmundur Friðjónsson og Helgi Hrannar Jónsson	2
Þór	0	0
Þór/KA	0	0
Njarðvík	0	0
Þróttur	Kristján Kristjánsson og Jón Hafsteinn Jóhannsson	2
Tindastóll	0	0
Valur	E.Börkur Edvardsson og Styrmir Þór Bragason	2
Vestri	Samúel Samúelsson	1
Víkingur	Heimir Gunnlaugsson og Haraldur Haraldsson	2
		33

## 5. Ársreikningur 2023 og fjárhagsáætlun ársins 2024

Í forföllum endurskoðanda, fór framkvæmdastjóri ÍTF yfir ársreikning fyrir árið 2023 og gerði grein fyrir tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

Helstu tölur úr rekstrarreikningi ÍTF fyrir árið 2023:

	<b>Rauntölur 2023</b>	<b>Áætlun 2023</b>
Sjónvarps – og streymistekjur	356.021.372	360.000.000
Markaðs/auglýsingatekjur	87.328.317	72.000.000
Aðrar réttindatekjur	9.006.000	0
Aðrar rekstrartekjur	5.244.258	5.000.000
Aðildargjöld félaga	4.300.000	4.000.000
<b>Samtals</b>	<b>461.899.947</b>	<b>441.000.000</b>

	<b>Rauntölur 2023</b>	<b>Áætlun 2023</b>
Vinnulaun og annar starfsmannakostnaður	-32.763.083	-34.000.000
Auglýsinga/markaðskostnaður	-36.708.771	-35.000.000
Framleiðslukostnaður Lengjudeild	-15.612.300	-16.000.000
Framleiðslukostnaður Media Hub	-16.653.649	-16.000.000
Framlög til aðildarféлага	-302.855.353	-300.000.000
Annar rekstrarkostnaður	-38.479.477	-35.100.000
<b>Samtals</b>	<b>-443.899.947</b>	<b>-436.100.000</b>

Fjármunatekjur	901.318	0
Fjármagnsgjöld	-142.383	0
Gengismunur	2.063.481	0

<b>Hagnaður ársins</b>	<b>21.649.731</b>	<b>4.900.000</b>
------------------------	-------------------	------------------

Hagnaður ársins er því samtals kr. 21.649.731 og leggur stjórn ÍTF til að hagnaður ársins verði yfirfærður til næsta rekstrarárs.

## Fjárhagsáætlun ársins 2024

	<b>Áætlun 2024</b>
Sjónvarps – og streymistekjur	360.000.000
Markaðs/auglýsingatekjur	93.000.000
Aðrar réttindatekjur	7.000.000
Aðrar rekstrartekjur	5.000.000
Aðildargjöld félaga	4.000.000
<u>Samtals</u>	<u>469.000.000</u>

	<b>Áætlun 2024</b>
Vinnulaun og annar starfsmannakostnaður	-50.720.000
Auglýsinga/markaðskostnaður	-40.000.000
Framleiðslukostnaður Lengjudeild	-16.000.000
Framleiðslukostnaður Media Hub	-12.000.000
Framlög til aðildarfélaga	-305.000.000
Annar rekstrarkostnaður	-27.100.000
<u>Samtals</u>	<u>-450.820.000</u>

Hagnaður ársins 18.180.000

Að lokinni yfirferð á ársreikningi og tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 var orðið gefið laust.

Allmargar fyrirspurnir komu varðandi ársreikning og fjárhagsáætlun.

Spurt var um greiðslur til KSÍ vegna bikarsins sem nema um 20 milljónum króna í ársreikningi 2023, hvaða aðrar tekjur kæmu inn í bikarinn og hvort það stæðist að félögin fengju aðeins hluta af þessum réttindagreiðslum.

Birgir greindi frá því að greiðslur vegna bikarsins færu í gegnum ÍTF en það væri KSÍ sem ráðstafaði þeim og á síðasta ári voru heildartekjur bikarsins um 27 milljónir króna, þ.e. ríflega 20 milljónir króna vegna samnings við Genius Sports og um 7 milljónir króna vegna sjónvarps – og markaðsréttar en það væri alfarið í höndum KSÍ. Aðildarfélögin fengu aðeins 16 milljónir af þessum réttindagreiðslum árið 2023 en mörg undanfarin ár fengu félögin allar þessar réttindatekjur.

Óskað var eftir frekari upplýsingum varðandi markaðskostnað en árið 2022 var rætt um að markaðskostnaður myndi lækka á komandi árum þar sem stofnkostnaður væri mikill, en samkvæmt áætlun er gert ráð fyrir auknum kostnaði á árinu 2024.

Birgir svaraði fyrirspurn á þann veg að vissulega hefði verið gert ráð fyrir því í upphafi að markaðskostnaður myndi lækka en töluvert hefur verið um endurnýjun á markaðsefni, s.s. skiltum, viðtalsveggjum og fleiru sem gert var ráð fyrir að myndu endast betur auk þess sem í áætlun væri jafnframt gert ráð fyrir því að sækja fram á tilteknum samfélagsmiðlum til að höfða til þess hóps, yngra fólks, sem virðist hafa minnstan áhuga á íslenskum fótbolta samkvæmt viðhorfskönnunum. Auk þessa væri gert ráð fyrir að útfæra heimasíðu bæði ÍTF og Bestu deildanna betur.

Fyrirspurnir komu um launakostnað á skrifstofu en áætlun gerir ráð fyrir umtalsverðri hækkun þess kostnaðar á árinu 2024.

Birgir svaraði þeim fyrirspurnum á þann veg að áætlun ráð fyrir þriðja starfsmanni á skrifstofuna (sem áður var verktaki) auk þess sem gert er ráð fyrir eðlilegum launahækkunum hjá þeim starfsmönnum sem fyrir eru en laun hafa verið óbreytt frá undanfarin tvö ár.

Spurt var um framleiðslukostnað vegna leikja í Lengjudeild karla og samning við OZ og hvort mögulegt væri að segja hugsanlega upp samningi við OZ þar sem framleiðsla hefði verið léleg síðasta tímabil og kostnaður væri verulegur.

Birgir fór yfir það að forsenda þess að Lengjudeildin fengi greitt frá Genius Sports væri að allir leikir væru framleiddir og útsendingamerki skilað til GS. Framleiðslan hefði verið boðin út á sínum tíma og OZ hefði verið ódýrasti kosturinn en samningur við fyrirtækið er út keppnistímabilið 2026. Birgir sagði að framleiðslan hefði vissulega mátt vera betri og reynt væri að leysa úr þeim málum í samstarfi við OZ.

Fram komu þær skoðanir að þrátt fyrir að samtökin virtust vera á réttri leið þá þyrfti á sama tíma að huga vel að aðhaldi í rekstri og að aðildarfélögin væru sameinuð í þeirri vegferð sem ÍTF væri á.

Jafnframt komu fram ábendingar um hvort ekki væri hægt að senda út ársreikninginn með betri sundurliðun tímalega fyrir næsta aðalfund þannig að félögin gætu betur gert sér grein fyrir stöðunni.

Að loknum umræðum var ársreikningur borinn upp til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða.

Því næst var tillaga að fjárhagsáætlun 2024 borin upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum ÍTF

Engar tillögur bárust fyrir aðalfund.

## 7. Ákvörðun félagsgjalds ÍTF

Tillaga að félagsgjaldi kemur fram í fjárhagsáætlun og er gjaldið óbreytt eða kr. 100.000 á hvert lið.

## 8. Önnur mál

Fundarstjóri gaf nú orðið laus um önnur mál.

### a) Tillaga fyrir ársþing KSÍ

Samúel Samúelsson greindi frá tillögu fyrir ársþing KSÍ frá Vestra sem af einhverjum ástæðu barst ekki skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests en óskað verður eftir afbrigðum á ársþingi þannig að tillagan fái umfjöllun þar. Hvatti Samúel aðildarfélögin til þess að samþykkja að tillagan yrði tekin fyrir á þinginu og fengi umfjöllun þar.

### b) Fantasy leikur Bestu deildanna.

Nokkur umræða var um svokallaðan Fantasy leik sem var í Bestu deild karla á síðasta ári en leikurinn er settur upp fyrir ÍTF endurgjaldslaust skv. samningi við Genius Sports en ekki er til uppfærð tölfræði til þess að hægt sé að halda úti samskonar leik í Bestu deild kvenna. Aðrir möguleikar eru þó fyrir hendi varðandi Bestu deild kvenna. Fram komu allnokkrar ábendingar varðandi Fantasy leikinn og mikilvægi þess að slíkur leikur væri líka í boði fyrir Bestu deild kvenna og Orri formaður sagði að málið yrði tekið fyrir í stjórn ÍTF til að leita lausna.

### c) Greiðslur frá FIFA.

Rætt var um stöðu gagnvart FIFA Clearing House sem ætlað er að halda utan um greiðslur sem félögin eiga fá t.d. vegna sölu leikmanna, samstöðubætur og fleira en félögin hafa lent í miklum vandræðum með þetta kerfi og fá ekki greiðslur í gegnum það. Óskað eftir því að ÍTF kalli félögin saman og deili reynslu og þekkingu vegna þessa kerfis þannig að hægt verði að kalla eftir greiðslum.

### d) Fundur með frambjóðendum til stjórnar og formanns KSÍ

Rætt var um að halda sameiginlegan fund aðildarfélaga ÍTF með frambjóðendum til stjórnar og formanns KSÍ. Samþykkt að athuga hvort möguleiki væri á að halda slíkan fund í hádeginu á föstudeginum fyrir þing. Framkvæmdastjóri mun athuga með frambjóðendum og boða til fundarins ef mögulegt er.

### e) Tillögur fyrir ársþing KSÍ

Stuttlega rætt um þær tillögur sem ÍTF lagði fram á komandi ársþing KSÍ.

### f) Miðaverð á leiki

Miðaverð á leiki í Bestu deildum og Lengjudeild er ákvörðun hvers og eins félags en uppi eru hugmyndir um að veita afslátt af miðaverði ef miðar eru keyptir fyrir leikdag. Félögin munu skoða þetta betur með ÍTF.



*g) Leikmannaspjöld í Bestu deildum*

Birgir upplýsti um að gefin verða út leikmannaspjöld í Bestu deild karla og kvenna á komandi tímabili og gert hefur verið samkomulag um framleiðslu og dreifingu á spjöldunum ÍTF að kostnaðarlausu. Spjöldin eru fyrst og fremst hugsuð til að vekja enn meiri áhuga á deildunum.

**9. Kosningar.**

Samkvæmt samþykktum ÍTF skal nú kosið um þrjú sæti í stjórn. Af þeim þremur sem nú sitja í stjórn mun Jónas Kristinsson frá KR ekki vera í framboði en Jónas hefur verið í stjórn ÍTF frá upphafi eða frá því þau voru stofnuð árið 2011. Jónasi voru þökkuð góð störf fyrir samtökin.

Fjögur framboð bárust til setu í stjórn:

Baldur Már Bragason	HK
Guðmundur Óskar Pálsson	KR
Samúel Samúelsson	Vestri
Styrmir Þór Bragason	Valur

Kjörbréfanefnd kallaði upp liðin og þau tóku atkvæðaseðla til kosninga en 33 fulltrúar kjósa.

Að lokinni talningu atkvæða var niðurstaðan eftirfarandi:

Styrmir Þór Bragason	31 atkvæði
Samúel Samúelsson	30 atkvæði
Baldur Már Bragason	23 atkvæði
Guðmundur Óskar Pálsson	15 atkvæði

Baldur, Samúel og Styrmir eru því réttkjörnir í stjórn ÍTF til næstu tveggja ára.

**10. Kosning endurskoðanda og skoðunarmanna reikninga**

Fram kom tillaga um Jónas Gest Jónasson sem endurskoðanda ÍTF og Guðrúnu Ingu Sívertsen og Eymund Einarsson sem skoðunarmenn reikninga. Tillagan samþykkt samhljóða.

**11. Fundargerð aðalfundar**

Fundarstjóri lagði til að fundarritari gengi frá ritun fundargerðar og hún yrði send fulltrúum eins fljótt og auðið er og var sú tillaga samþykkt.

Að lokum fékk Orri Hlöðversson, formaður ÍTF, orðið og þakkaði hann fundargestum og starfsmönnum góðan fund. Óskaði hann öllum góðrar heimferðar og sleit fundi.